



3. tbl. 2. árg. 6. apr. 2004

Áfangasigrar í málefnum útlendinga

Mikil vinna hefur farið fram á vettvangi Alpýðusambandsins að undanfögnu í málefnum útlendinga. Mikilvægir áfangar hafa náðst í þeirri vinnu á undanfögnu vikum. Þar má nefna:

1. Ríkisstjórnin hefur lagt fram frumvarp um frestun á stækkun vinnumarkaðarins á Evrópska efnahags-svæðinu til 1. maí 2006. Líkur eru á að það verði afgreitt á næstu dögum. Tíminn verði nýttur til að treysta framkvæmd og stöðu EES borgara sem koma til starfa hér á landi.

2. ASÍ og SA gerðu nýverið samkomulag um málefni útlendinga sem er ætlað að tryggja betur en nú að útlendingar á íslenskum vinnumarkaði njóti kjara og réttinda í samræmi við kjarasamninga og lög.

3. Unnið er að gerð reglugerðar með lögum um atvinnuréttindi útlendinga, ásamt verklagsreglum fyrir Vinnuálastofnun sem fer með framkvæmd laganna fyrir hönd félagsmálaráðherra. Það er ljóst að allt eru þetta skref í rétta átt, en eftir stendur að það þarf að treysta betur framkvæmd hvað varðar starfsmannaleigur og þjónustuviðskipti á evrópska efnahags-svæðinu og skýra betur stefnu stjórnvalda varðandi málefni þriðju ríkja borgara á íslenskum vinnumarkaði.

(Sjá nánar bls. 3)

Ritstjóri:
Guðmundur Rúnar Árnason

Ábyrgðarmaður:
Grétar Þorsteinsson



Áhrif bjartsýni á einkaneyslu

Væntingavísitölu Gallup er ætlað að mæla væntingar almennings um þróun efnahags- og atvinnumála. Ef hún mælist yfir 100 stig þá eru fleiri bjartsýnir á þróun efnahagsmála en þeir sem eru svartsýnir. Vísitalan hækkaði nú í mars þriðja mánuðinn í röð og stendur nú í 132,9 stigum. Vísitalan hefur ekki verið hærri síðan í maí á síðasta ári.

Víða erlendis eru væntingarvísitölur sem þessi notaðar til að spá fyrir um þróun efnahagslífsins og helstu hagstærða.

Áhugavert er að skoða hvort væntingavísitala Gallups geti gefið vísendingar um vöxt einkaneyslu. Á meðfylgjandi mynd eru dregnir upp tveir ferlar, annars vegar fyrir vöxt einkaneyslu og hins vegar væntingavísitöluna. Á hægri ás myndarinnar má lesa vöxt einkaneyslunnar en á vinstri ásnum væntingavísitöluna. Það er athyglisvert hve vel vöxtur einkaneyslunnar fylgir væntingavísitölunni. Af þessu að dæma virðist væntingavísitalan gefa góðar vísendingar um þróun einkaneyslunnar. Samkvæmt þessu þá má lesa út úr myndinni að einkaneysla á 2. ársfjórðungi ársins í ár eigi eftir að aukast nokkuð meira en einkaneysla á 1. ársfjórðungi og líkur séu á að einkaneysla á 1. árfjórðungi verði nokkuð minni en á síðasta fjórðungi síðasta árs.


Undirvísitölur væntingavísitölnnar benda einnig til þess að almenningur ráðgeri stórkaup á næstu 6 til 12 mánuðum. Fleiri hyggja á bifreiðakaup og íbúðakaup en á sama tíma í fyrra og hafa væntingar í þessu sambandi ekki mælst hærri síðan í júní 2002.

Skuldir heimilanna

Þetta er athyglisvert og bendir til þess skuldir heimilanna muni aukast á þessu ári en þær námu um 180% af ráðstöfunartekjum heimilanna í árslok 2003. Ef haft er í huga að mörg heimili hafa veðsett eignir sínar nánast að fullu og að íbúðaverð er um þessar mundir í sögulegu hámarki, gæti sú staða komið upp að áhvílandi veðskuldir verði

hærri en andvirði fasteignarinnar. Þetta er sérstaklega vert að hafa í huga þegar heimili íhuga að fjármagna íbúðakaup með lánum í erlendum myntum. Vísendingar eru um að veiking krónunnar geti leitt til lækkunar á fasteignaverði. Veiking krónunnar hefði þá áhrif á skuldastöðu heimilanna með tvennum hætti: Annars vegar hækkar höfuðstóll lánsins í samræmi við veikingu krónunnar og hins vegar lækkar verðmæti fasteignarinnar. (Sjá einnig umfjöllun um lán í erlendum myntum)

Vöxtur einkaneyslu (hægri ás) og væntingavísitala Gallups (vinstri ás)



Heimild: Hagstofa Íslands og Gallup

Er þetta gull sem glóir?

Nýr valkostur í fasteignalánum

Að undanförunu hafa viðskiptabankarnir boðið nýjan valkost í fasteignalánum, lán með höfuðstól í erlendum myntum þar sem lánað er til allt að 30 ára og lánin bera breytilega vexti sem taka mið af millibankavöxtum í viðkomandi myntum ásamt misháu álagi eftir veðhlutfalli lánsins.

Hvað er í boði?

Algengt er að boðið sé upp á lán sem samanstanda af 4-5 myntum í einni myntkörfu. Í flestum tilvikum samanstanda myntkorfurnar af um 70% af evru og dollar og 30% af svissneskum franka og jeni. Bankarnir bjóða upp á að viðskiptavinurinn geti haft hönd í bagga með það hvernig karfan er samansett. Algengt er að boðið sé að hafa veðsetningarhlutfallið frá 60 til 80%, þó það sé nokkuð mismunandi milli banka. Vextirnir af lánunum eru breytilegir og taka mið af grunnvöxtum sem ráðast af þróun alþjóðlegra millibankavaxta og svo er bætt við álagi sem tekur mið af veðsetningarhlutfalli. Til að fá hugmynd um hvað mögulegt vaxtastig í bönkunum miðað við 60% veðsetningarhlutfall þá yrðu vextir skv. upplýsingum frá bönkunum á bilinu 3,5 til 4,5%.

Þegar þessi nýi valkostur er skoðaður frá sjónarhóli fjölskyldu sem eru að kaupa sér íbúðarhúsnæði, er mikilvægt að kanna hvaða þættir hafa áhrif á höfuðstól lánsins og greiðslubyrði láns í erlendri mynt.

Gengis- og vaxtaáhætta

Í ljósi vaxandi skuldastöðu heimila (sjá Áhrif bjartsýni á einkaneyslu) er áhugavert að skoða hvaða áhætta felst í þeim erlendu lánunum sem boðið er upp á. Um leið og lán í erlendri mynt er tekið eru heimilin að taka á sig bæði gengisáhættu og vaxtaáhættu. Gengisáhætta felst í því að höfuðstóllinn hækkar eða lækkar í takt við gengi myntanna í myntkörfu lánsins. Höfuðstóllinn hækkar þegar krónan veikist en lækkar þegar krónan styrkist. Styrking krónunnar veldur því að greiðslubyrðin minnkar en veikari króna veldur því að hún eykst. Vaxtaáhætta felst hins vegar í því að vextir lánanna eru breytilegir og breytast yfir tíma í takt við efnahagsástand viðkomandi landa. Vaxtabyrði lánanna breytist því yfir tíma. Hærrí vextir leiða til aukinnar greiðslubyrði en lægri vextir lækka hana.

Vextir í helstu viðskiptalöndum okkar eru í sögulegu lágmarki og því eru allar líkur á að vextir í útlöndum hækki á næstu misserum. Þegar söguleg þróun vaxta algengustu lánanna er skoðuð kemur í ljós að vegnir meðalvextir hafa legið nokkuð hærra síðustu 13 ár en þeir eru í dag. Vegnir vextir á algengu láni hjá Íslandsbanka eru í dag um 1,2% og hjá Landsbankanum 1,6%. Þetta eru vextir án þess álags sem bankarnir leggja ofan á. Vegnir vextir þessara lána hafa verið að meðaltali 4,8% frá árinu 1990, miðað við myntkörfu Íslandsbanka og 4,4% miðað við myntkörfu Landsbankans. Þróun vaxta í útlöndum tekur mið af efnahagsástandum á hverjum tíma og í hverju landi fyrir sig.

Vextirnir geta því sveiflast mjög til langs tíma litið.

Hefðbundin fasteignalán eru oft verðtryggð lán til langs tíma (25 – 40 ára) með fasta vexti. Höfuðstóll og greiðslubyrði þessara lána breytast því í takt við neysluverðsvísitöluna. Áhættan sem felst í hefðbundnum lánunum felst því fyrst og fremst í þróun verðlags og innlendra efnahagsástandna. Hér þarf þó að hafa í huga að breytingar á gengi krónunnar hafa til lengri tíma áhrif á verðbólgu. Ætla má að verðbólga til lengri tíma verði nálægt verðbólgu markmiði Seðlabankans sem nú er 2,5%.

Flestir sérfræðingur eru sammála um að þessar gengissveiflur geti orðið nokkuð miklar á erlendu lánunum og lántakendur þurfi að meta áhættuna sem þessu lánaformi fylgi og reyna að tryggja sig gegn gengisáhættunni en það krefst mikillar sérfræðipækkingar á gjaldeyrismarkaði sem fæst heimili búa á yfir.

Dæmi:

Ef borin eru saman tvö lán bæði að upphæð 1 milljón kr, þar sem annað lánið er í íslenskum krónum með fasta vexti 5,1% til 30 ára og hitt lánið samanstendur af fimm erlendum myntum: evru (40%), dollar(30%), svissneskum franka (10%), pundi (10%) og japönsku jeni (10%) og ber breytilega vexti, einnig til 30 ára. Gert er ráð fyrir að bæði lánin séu tekin í ársbyrjun 1990. Greiðslubyrði lánsins í erlendu myntunum sveiflast mun meira en lánsins í íslensku krónum. Það stafar fyrst og fremst af því að vextir erlenda lánsins eru breytilegir og sveiflast nokkuð yfir tíma. Það kemur í ljós að ef lánin hefðu verið tekin í ársbyrjun 1990 þá væri erlenda lánið um 3,6% dýrara en hefðbundna fasteignalánið. Uppsafnaðar afborganir og vaxtagreiðslur af erlenda láninu væru orðnar 1.177.423 króna í árslok 2003 en af verðtryggða láninu 1.136.484 kr. Það kemur einnig í ljós að afborganir af erlenda láninu hækkuðu um 21% frá október 2000 til október 2001 þegar gengi íslensku krónunnar lækkaði um tæp 22%. Á sama tíma hækkuðu ráðstöfunartekjur aðeins um 8,9%. Afborganir og eftirstöðvar íslenska lánsins hækkuðu aftur á móti um 4,6% á sama tíma. Á síðasta ári hefur íslenska krónan styrkst verulega. Það hefur leitt til þess að afborganir og eftirstöðvar af erlenda láninu hafa lækkað um 3,8% frá því í október 2002, en á sama tíma hafa eftirstöðvar og afborganir af íslenska láninu lækkað um tæp 1%. Hins vegar er áætlað að ráðstöfunartekjur hafi hækkað um 3,5% á síðasta ári.

1 Gert er ráð fyrir að lánin hafi verið tekið 1990 og miðað er við gengi neysluverðsvísitölu og vextir frá jan 1990 til des. 2003.



Málefni útlendinga á vinnumarkaði

Vaxandi fjöldi útlendinga á íslenskum vinnumarkaði, samhliða sameiginlega evrópska vinnumarkaðinum og alþjóðavæðingunni, hefur varpað nýju ljósi á ýmsa veikleika er varða réttindi og kjör útlendinga á vinnumarkaði og framkvæmdina hér á landi.

Þetta birtist með margvíslegum hætti: Upplýsingar um þá útlendinga sem hingað koma til starfa um skemmri eða lengri tíma, við hvað þeir starfa og á hvaða kjörum eru mjög ófullkomnar. Þá hafa komið upp ítrekuð dæmi og frekari grunsemdir síðustu misseri um að útlendingar hafi ekki notið kjara og réttinda eins og kjarasamningar og lög kveða á um. Þetta hefur leitt til undirboða á íslenskum vinnumarkaði og að útlendingar hafi í einhverjum mæli verið notaðir í ólöglegri atvinnustarfsemi.

Áherslur Alþýðusambandsins

Að mati Alþýðusambands Íslands er mikilvægt að sporna við framangreindri þróun af festu. Mikilvægt er að tryggja að erlent launafólk njóti sömu kjara og réttinda og þeir sem fyrir eru á vinnumarkaði. Þá er nauðsynlegt að stjórnvöld móti skýra stefnu í málefnum útlendinga sem tryggi stöðu þeirra og réttindi og hafi jafnframt að markmiði að þátttaka útlendinga á vinnumarkaði taki mið af aðstæðum og leiði ekki til röskunar á þeim reglum og samskiptum sem þar eiga sér stað.

Alþýðusambandið sett í desember sl. fram greinargerð ásamt tillögum að aðgerðum til að ná framangreindum markmiðum, í samstarfi við stjórnvöld og Samtök atvinnulífsins.

Í fyrsta lagi leggur ASÍ áherslu á nauðsyn þess að afla sé gagna og unnar upplýsingar um stöðuna og þróun varðandi þátttöku útlendinga á íslenskum vinnumarkaði. Þá er lögð áhersla á að efla upplýsingastarfsemi og aðstoð við útlendinga sem hingað koma til starfa.

Í annan stað bendir ASÍ á að komið hafi fram veikleikar varðandi sameiginlega evrópska vinnumarkaðinn og þjónustuviðskipti sem nauðsynlegt sé að taka á. Bent er á að nauðsynlegt sé að fresta stækkun evrópska vinnumarkaðarins til austurs meðan bætt sé úr þeim ágöllum sem komið hafa fram. Treysta þurfi réttarstöðu þeirra EES borgara sem koma til landsins á grundvelli sameiginlega vinnumarkaðarins og auka eftirlit og skýra reglur hvað varðar þá EES borgara sem koma til starfa á vinnumarkaði á grundvelli frjálsra þjónustuviðskipta. Sérstaklega er bent á vandamál sem komið hafa upp í tengslum við starfsemi erlendra starfsmanna-leiga og nauðsyn þess að úr verði bætt. Þá er einnig bent á vandkvæði við skattlagningu á þessari starfsemi og þá mismunum sem í því fellst fyrir samkeppnisstöðu innlendra fyrirtækja.

Í þriðja lagi kallar Alþýðusambandið eftir skýari stefnu stjórnvalda varðandi málefni 3ju ríkja borgara og að framkvæmd laga um atvinnuréttindi útlendinga verði treyst samhliða því að gefin verði út reglugerð á grundvelli laganna.

Mikilvægir áfangar

Margt hefur áunnist á síðustu vikum í samræmi við áherslur Alpýðusambandsins.

Í fyrsta lagi má nefna frumvarp ríkisstjórnarinnar um frestun á stækkun vinnumarkaðarins á Evrópska efnahagssvæðinu til 1. maí 2006, sem væntanlega verður afgreitt á næstu dögum án ágreinings á Alþingi. Samhliða fylgja jafnframt yfirlýsingar af hálfu stjórnvalda um að tíminn verði nýttur til að treysta sem best framkvæmdina og stöðu EES borgara sem koma til starfa hér á landi.

Í öðru lagi ber að nefna samkomulag sem gert var á milli ASÍ og SA 7. mars sl. um málefni útlendinga sem ætlað er að tryggja betur en nú er að útlendingar á íslenskum vinnumarkaði njóti kjara og réttinda í samræmi við kjarasamninga og lög. Megininntak samkomulagsins er að trúnaðarmaður, eða fulltrúi stéttarfélags sé trúnaðarmaður ekki til staðar, hefur rétt til að fá upplýsingar frá fyrirtæki um laun og önnur starfskjör útlendinga, ef rökstuddur grunur er um að

brotið hafi verið gegn viðkomandi. Markmiðið er að reynist grunurinn réttur, sé leitast við að leysa málið innan fyrirtækisins. Takist það hins vegar ekki er hægt að vísa ágreiningi til samráðsnefndar ASÍ og SA, sem taka þá við að leysa úr málinu. Samhliða samkomulaginu fylgdi bókun samningsaðila til félagsmálaráðherra um að því verði veitt almennt gildi með sama hætti og samningum aðildarsamtaka vinnumarkaðarins.

Í þriðja lagi er verið að leggja lokahönd á drög að reglugerð með lögum um atvinnuréttindi útlendinga, ásamt verklagsreglum fyrir Vinnamálastofnun sem fer með framkvæmd laganna fyrir hönd félagsmálaráðherra. Eftir stendur að treysta betur framkvæmdina að því er varðar starfsmannaleigur og þjónustuviðskipti á Evrópska efnahagssvæðinu og skýra betur stefnu stjórnvalda varðandi málefni 3ju ríkja borgara á íslenskum vinnumarkaði. Af hálfu ASÍ er verið að fylgja báðum þessum atriðum eftir.

Mikil verðlækkun á ýsu á innlendum mörkuðum hefur ekki skilað sér til neytenda sem skyldi



Samkvæmt neysliverðsvísitölu Hagstofunnar lækkaði liðurinn „matur og drykkjarvörur“ sem vegur um 14,8% í vísitölunni, um u.þ.b. 4,4% á tímabilinu janúar 2002 til janúar 2004. Aftur á móti hækkaði undirliðurinn „fiskur“, sem vegur um 0,7% í neysliverðsvísitölunni, á þessu sama tímabili um 6,1%.

Hlutfall ýsu í fiskverðsvísitölunni þ.e. liðnum „fiskur“ er að mati Hagdeildar rúmlega 70%. Af því er ljóst að breytingar á verði ýsu hafa afgerandi áhrif á fiskverðsvísitöluna. Þegar fiskverð á fiskmörkuðum eru skoðað kemur í ljós að verð á slægðri ýsu m/haus á innlendum mörkuðum lækkaði um rúm 58% á þessu tveggja ára tímabili. Sambærileg þróun á sér stað í beinum viðskiptum.

Það er ljóst að svona mikil lækkun á aturðaverði eins og hér sést, ætti að öllu jöfnu að skila sér til neytenda í mun lægra vöruverði. Svo er alls ekki í þessu tilviki, því eins og áður segir hefur fiskverðsvísitalan hækkað um rúm 6% á þessu tímabili. Við verðmyndun innanlands er vert að hafa í huga að margir þættir hafa áhrif á verðið s.s. verð á erlendum mörkuðum, fiskframboð og aukin tækifæri erlendis. Erfitt er að fullyrða hve mikið smásöluverð á ýsu ætti að lækka, þar sem annar kostnaður fellur einnig til hjá smásalanum. En til að varpa ljósi á mikilvægi þess fyrir neytendur að smásöluverð á ýsu lækki í takt við hráefnisverðið, er gagnlegt að taka dæmi. Gerum ráð fyrir að hráefnisverð sé helmingur af kostnaði smásalans á móti launum og öðrum kostnaði. Þegar fyrrnefndar forsendur um hve þungt ýsa vegur í neysliverðsvísitölunni eru settar í dæmið, kemur í ljós að 30% verðlækkun á smásöluverði ýsu skilaði u.þ.b.

0,15% lækkun á neysliverðsvísitölunni og þar með lækkun á verðtryggðum skuldum heimilanna, en þær voru skv. tölum frá Seðlabanka um 660 milljarðar kr um síðustu áramót. Þó ber að hafa í huga að eitthvað af þessari lækkun hefur komið fram nú þegar en Samkeppnisstofnun benti á 10. mars s.l. að samkvæmt könnun sem framkvæmd var í febrúar, hefði ýsuverð lækkað nokkuð frá febrúar 2003 en betur má ef duga skal.

Janúar 2002 til janúar 2004

Heimild: Hagstofan og Verðlagsstofa skiptaverðs

